

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
188. fundur – 31. mars 2014

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 31. mars 2014. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17.00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 187. fundar heilbrigðisnefndar frá 3. mars 2014 lögð fram.

1 Fundargerð 166. starfsmannafundar frá 26. mars 2014

1.1 Starfsleyfi

Garðabær

1.1.1 *Hólmátún 3, Garðabær – sala á matvöru*

Lögð fram umsókn Gunnars Marteinsonar, f.h. Messans ehf., kt. 530214-0440, dags. 5.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til sölu og dreifingar á matvöru. Um er að ræða lögheimili að Hólmátúni 3, Garðabæ. Dreifing verður frá birgjum. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.2 *Kirkjulundur 19, Garðabær – snyrti og nuddstofa*

Lögð fram umsókn Helgu Sigurðardóttur, kt. 201257-4419, dags. 1.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrti- og nuddstofu að Kirkjulundi 19, Garðabæ, í tengslum við líkamsræktarstöð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 29.11.2021.

1.1.3 *Miðhraun 8, Garðabær – járnsmiðja*

Lögð fram umsókn Rósalindar Guðmundsdóttur f.h. Vélsmiðju Guðmundar ehf., kt. 701296-3039, dags. 13.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járnsmiðju að Miðhrauni 8, Garðabæ.

Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.4 *Strandvegur 11, Garðabær – fæðubótaefni*

Lögð fram umsókn Guðjóns Baldvinssonar, kt. 150286-2559, dags. 17.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á fæðubótaefnum. Um er að ræða lögheimili fyrirtækis að Strandvegi 11, Garðabæ. Dreifing vöru verður frá vöruhótelum. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.5 *Vesturhraun 1, Garðabær – stálsmiðja*

Lögð fram umsókn Guðlaugar Baldvinsdóttur f.h. Stálsmiðjunnar Framtak ehf., kt. 430801-2620, dags. 10.03.2014, þar sem sótt er um yfirtöku starfsleyfis Véla- og skipaþjónustunnar Framtaks ehf. kt. 420588-1949 vegna reksturs málmsmiðju að Vesturhrauni 1, Garðabæ. Húshluti: allt húsið.

Endurútgáfa starfsleyfis.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er endurútgáfa starfsleyfis til 21.10.2019 samþykkt..

Hafnarfjörður

1.1.6 Drangahraun 3, Hafnarfjörður – verkstæði

Lögð fram umsókn Bergþórs Karlssonar f.h. Höldur ehf., kt. 651174-0239, dags. 5.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis með þvottaaðstöðu að Drangahrauni 3, Hafnarfirði.

Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.7 Kirkjuvegur 11b, Hafnarfjörður – sölubíll

Lögð fram umsókn Jónínu Gunnarsdóttur f.h. Slembru ehf., kt. 470214-0280, dags. 5.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sölubíls með matvæli að Kirkjuvegi 11b, Hafnarfirði. Um er að ræða lögheimili fyrirtækis. Bíll nr. BS S85. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða III. kafla reglugerðar nr. 103/2010 um hollustuhætti er varða matvæli er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.8 Reykjavíkurvegur 76-78, Hafnarfjörður – lyfjaframleiðsla

Lögð fram umsókn Jóns Gunnars Jónssonar, f.h. Actavis ehf. kt. 491002 - 3280, dags. 25.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til lyfjaframleiðslu að Reykjavíkurvegi 76-78, Hafnarfirði.

Húshluti: Öll hús á lóð. Endurnýjun starfsleyfis.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteigna og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.9 Strandgata 90, Hafnarfjörður – endurvinnsla úrgangs

Lögð fram umsókn Kjartans Haukssonar, f.h. Kapalvinnslunnar ehf., kt. 440900-2160, dags. 20.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til endurvinnslu á rafmagnsvírum og -strengjum að Strandgötu 90, Hafnarfirði. Húshluti: 06 10. Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 21.03.2014.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Kópavogur

1.1.10 Geirland, Kópavogur – listgjörningur

Lögð fram umsókn Elínar Smáradóttur, f.h. Listahátíðar í Reykjavík., kt. 490970-0299, dags. 11.03.2014, þar sem sótt er um leyfi vegna listgjörnings þann 12.03.2014 á athafnasvæði við Geirlandi, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest.

1.1.11 Hagasmári 1, Kópavogur – sala á matvöru

Lögð fram umsókn Elís Viktors, f.h. Sema ehf., kt. 510507-2310, dags. 10.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með matvæli að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með frestun þar sem unnið er að úrbótum.

1.1.12 Hagasmári 1, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Steingríms Bjarnasonar, f.h. Clippers ehf., kt. 671204-4410, dags. 25.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu að Hagasmára 1, Kópavogi.

Húshluti: U316. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.13 Hamraborg 7, Kópavogur – gistiheimili

Lögð fram umsókn Stefáns Aðalsteinssonar, f.h. North Star Apartments ehf., kt. 530813-0880, dags. 26.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistihúss án matsölu að Hamraborg 7, Kópavogi.

Húshluti: 2., 3. og 4. hæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um samþykktu notkun húsnæðis og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.14 Kársnesbraut 100, Kópavogur – bílamálun og réttingar

Lögð fram umsókn Ásgeirs G. Skúlasonar, kt. 160657-3409, dags. 7.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílamálunar- og réttingaverkstæðis að Kársnesbraut 100, Kópavogi. Húshluti: 01 0101 og 0102. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.15 Núpaland 1, Kópavogur, veitingastofa

Lögð fram umsókn Ragnars Stefánssonar f.h. Yougo ehf., kt. 570214-0980, dags. 4.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Núpaland 1, Kópavogi. Húshluti: 101. Ný starfsemi. Fyrir liggja teikningar Vignis Jónssonar, byggingatæknifræðings, grunnmynd og snið og afstöðumynd. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.16 Nýbýlavegur 6-8, Kópavogur – veitingastofa

Lögð fram umsókn Emils Helga Lárussonar f.h. Serrano Ísland ehf., kt. 411002-2840, dags. 4.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðs að Nýbýlavegi 6-8, Kópavogi. Húshluti: 101. Ný starfsemi. Fyrir liggja teikningar dags; 28.01.2014. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.17 Smáratorg 3, Kópavogur – mótuneyti starfsmanna

Lögð fram umsókn Gunnars Jóakimssonar f.h. Arionbanka., kt. 581008 - 0150, dags. 22.08.2013, þar sem sótt er um leyfi fyrir mótuneyti að Smáratorgi 3, Kópavogi. Húshluti: hluti af rými bankans. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.18 Smiðjuvegur 9a, Kópavogur – matvöruverslun og kennslustaður

Lögð fram umsókn Kristínar Evu Gústafsdóttur f.h. Allt í köku ehf., kt. 430910-2210, dags. 7.02.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kennslustaðar og matvöruverslunar að Smiðjuvegi 9a, Kópavogi. Húshluti: 01 0101 og 01 0102. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.2 Umsagnir

Hafnarfjörður

1.2.1 Kirkjuvegur 9, Hafnarfjörður – gisting á einkaheimili, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 17.03.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Brynjars Ingólfssonar, kt. 241282-5629, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu samkvæmt flokki I að Kirkjuvegi 9, Hafnarfirði. Eftirfarandi samþykkt var gerð:
“Afgreiðslu frestað þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir og skoðun á húsnæði hefur ekki getað farið fram.”

Kópavogur

1.2.2 Hagasmári 1, Kópavogur – veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 28.03.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Clippers ehf. kt. 671204-4410, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki I að Hagasmára 1, Kópavogi. Eftirfarandi samþykkt var gerð:
“Heilbrigðisnefnd samþykkti 31.03.2014 starfsleyfi til reksturs veitingastofu skv. matvæla-hollustuháttareglugerð. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu.”

1.2.3 Hamraborg 7, Kópavogur – gistiheimili, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 19.03.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn North Star Apartments ehf., kt. 530813-0880, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistiheimili samkvæmt flokki II að Hamraborg 7, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 31.03.2014 starfsleyfi til reksturs gistiheimilis skv. hollustuháttareglugerð. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir gistiheimili.”

1.2.4 Nýbýlavegur 6-8, Kópavogur – veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 6.03.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Serrano Ísland ehf., kt. 411002-2840, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu og greiðasölu samkvæmt flokki I að Nýbýlavegi 6-8, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 31.03.2014 starfsleyfi til reksturs veitingastaðar skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir veitingastofu.”

1.2.5 Kársnesbraut 96a, Kópavogur – veislubjónusta og veitingaverslun, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 6.03.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn K112 ehf., kt. 490910-1230, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veislubjónustu og veitingaverslun samkvæmt flokki I að Kársnesbraut 96a, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Afgreiðslu frestað þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir”.

1.2.6 Núpaland 1, Kópavogur – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 6.03.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Yougo ehf., kt. 570214-0980, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki I að Núpaland 1, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Jákvæð umsögn verður veitt að lokinni úttekt”.

1.3 Tóbaksleyfi

1.3.1 Helluhraun 1, Hafnarfjörður – verslun

Lögð fram umsókn ÞR ehf., f.h. Söluturnsins Jolla kt. 620310-0770, dags. 7.03.2014, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í söluturninum Jolla að Helluhrauni 1, Hafnarfirði.

Endurnýjun.

Leyfisveiting staðfest.

2 Ársreikningur 2013

Framkvæmdastjóri gerði grein rekstri á árinu 2013, efnahagsreikningi í árslok og skýringum í ársreikningi. Heilbrigðisnefnd samþykkir reikninginn og var hann undirritaður.

3 Ársskýrsla 2013

Ársskýrsla 2013 lögð fram og samþykkt.

4 Vatnsvernd

Lagt fram erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 24. mars 2014 þar sem óskað er umsagnar um „Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, greinargerð um heildarendurskoðun, drög í vinnslu-mars 2014.”

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með þá vinnu sem lögð hefur verið í endurskoðun skipulagsins og leggur áherslu á að öryggi vatnsbóla verði tryggt m.a. með bættum frágangi þjóðvega.”

5 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 -2025

Lagt fram að erindi skipulagsstjóra Hafnarfjarðar frá 28. febrúar 2014 vegna auglýsingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 sem nálgast má á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar <http://www.hafnarfjordur.is/thjonusta/tilkynningar/nr/3525>.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd telur að styrkja verði ákvæði er varða vöktun loftgæða og að kveða verði skýrar á um hávaða í samræmi við ákvæði nýlegra reglugerða.”

6 Þungmálmar og brennisteinn í mosa í Hafnarfirði

Lögð fram skýrsla Náttúrfræðistofnunar Íslands „Þungmálmar og brennisteinn í tildurmosa við iðnaðarsvæði í Hellnahrauni 1 Hafnarfirði haustið 2013“

Niðurstöður sýna að á rannsóknarsvæðinu eru tvær megin uppsprettur þungmálma. Annars vegar er álverið í Straumsvík sem losar arsen og nikkel auk brennisteins og hins vegar iðnaðarsvæðið í Hellnahrauni en þar er uppspretta nokkurra málma, einkum þó sinks og blýs.

Mat heilbrigðisnefndar er að niðurstöður gefa en á ný skýrt til kynna að á iðnaðarsvæðum sem þessu eigi ekki að fara fram matvælaframleiðsla eða föst búseta.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd mun koma þessum sjónarmiðum á framfæri við hlutaðeigandi aðila og fylgja eftir úrbótum í mengunarvörnum þar sem það á við.”

7 Ryk- og þungmálma mælingar við Norðurhelli í Hafnarfirði

Lögð fram áfangaskýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar vegna mælingar á svifryki og ólfrænum snefilefnum á Norðurhelli, Hafnarfirði, frá 6. nóvember 2013 til 12. janúar 2014.

Niðurstöður skýrslunnar benda eindregið til þess að styrkur ofangreindra efna sé almennt mjög lágur og vel undir þekktum viðmiðunarmörkum um loftgæði. Að þau séu hliðstæð því sem þekktist á lítt menguðum svæðum Evrópu. Niðurstöður benda einnig til þess að íbúðahverfið á Völlum í Hafnarfirði sé ekki undir mengunarálagi frá iðnaðarhverfinu vestan þess. Loftgæði og styrkur þungmálma í lofti er hliðstæður eins og vænta megi hvar sem er í íbúðahverfum á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að mælingum verði fram haldið yfir fleiri árstíðir til að sem gleggst mynd fái af svæðinu.

Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi bókun.

„Heilbrigðisnefnd mun koma þessum sjónarmiðum á framfæri við hlutaðeigandi aðila.”

8 Loftgæðamælingar í Lækjarbotnum Kópavogi

Lagt fram erindi Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 18. mars 2014 varðandi afgreiðslu nefndarinnar í framhaldi af erindi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis frá 3. mars s.l. um Einnig lagt fram afrit af erindi Orkuveitu Reykjavíkur frá 19. mars 2014 til bæjarráðs Kópavogs vegna bókunar ráðsins um.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd telur verulega hættu á að umhverfismörk fyrir brennisteinsvetni verði ekki virt í Lækjarbotnum í Kópavogi vegna reksturs jarðorkuvera á og við Hellsheiði. Á svæðinu er rekin fræðslustarfssemi og þar býr fólk. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er nauðsynlegt að gripið verði til mótvægisáðgerða. Heilsu barna á svæðinu má ekki ógna með loftmengun, meðan unnið er að þróunarverkefnum þó svo þær leiði til úrbóta síðar. Heilbrigðisnefnd hefur vakið athygli Heilbrigðisnefndar Suðurlands og Umhverfisstofnunar á málinu. Þar sem heilbrigðisnefnd telur að mál þetta þoli enga bið er þess óskað að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið taki málið upp við eiganda orkuversins og honum verði gert að bregðast við í ljósi alvarleika málsins.

9 Önnur mál

9.1 Umferðaróhapp og olíumengun við Krýsuvíkurveg

Þann 27. mars s.l. varð bílslys á Krýsuvíkurvegi er vörubifreið fór á hliðina. Á svæði innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins samkvæmt gildandi skipulagi. Mildri var að ekki varð alvarlegt slys á fólki en verulegt magn af olíu rann í jörð. Olíumagnið sem rann í jörð þann 27. mars s.l. hefði geta valdið stórtjóni ekki síst ef það hefði orðið nær vatnsbólum s.s. í Bláfjöllum eða á Heiðmerkursvæðinu.

Heilbrigðisnefnd gerði eftirfarandi bókun.

„Slys á Krýsuvíkurvegi og önnur olúslys sem orðið hafa innan vatnsverndarsvæðisins árétta mikilvægi þess að vegum á áhrifasvæði vatnsbóla verði annað hvort lokað eða þeir verði gerðir öruggari með tilliti til vatnsverndarsjónarmiða.

Heilbrigðisnefnd telur að í skipulagi eigi að koma inn ákvæði er mæla fyrir um endurbyggingu viðeigandi vega og þá með aðlögunar ákvæðum. Nefndin beinir því sérstaklega til Hafnarfjarðarbæjar í tengslum við endurskoðun skipulags að þessa verði gætt um vegi, sem verða innan endurskoðaðs vatnsverndarskipulags."

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:58

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Guðmundur Sigurðsson

Gísli Ó. Valdimarsson